

Alþingi
Erindi nr. P 130/611
komudagur 12. 12. 2003

Félag einstæðra foreldra

Tjarnargötu 10d
101 Reykjavík

www.fef.is
fef@fef.is

Sími: 551-1822
Sími formanns: 861-3144

12/11/2003


Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Tillaga til þyngsályktunar um stöðu hjóna og sambúðarfólks.

Félag einstæðra foreldra styður þyngsályktunartillögu um skipan nefndar er hefur það hlutverk að kanna stöðu hjóna og sambúðarfólks með börn á framfæri.
Þskj. 47 – 47.mál 130. löggjafarþing 2003 – 2004.

Félag einstæðra foreldra telur við hæfi og óskar jafnframt eftir að eiga sæti í þeirri nefnd.

Virðingarfyllst,


Ingimundur Sveinn Pétursson
Formaður Félags einstæðra foreldra.

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/911
komudagur 2.2.2004



Alþingi Íslendinga
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150

Reykjavík, 30. janúar 2004
Tilvísun: FEL03100109/0004/ÞGB/--

Umsögn um þingsályktunartillögu um stöðu hjóna og sambúðarfólks. Þskj. 47 – 47. mál.

Fjölskylduráð fagnar þeim áhuga á málefnum fjölskyldunnar sem fram kemur í tillögu til þingsályktunar um stöðu hjóna og sambúðarfólks. Fjölskylduráð telur að það falli vel að starfssviði ráðsins að hafa umsjón með verkefninu og er reiðubúið til að taka verkefnið að sér. Fjölskylduráð telur rétt að efla frekar þær nefndir sem nú starfa en að skipa nýjar nefndir m.a. vegna þess að þá sé hætt við að þekking glatist.

Þá vill ráðið taka fram að verið er að vinna að gerð mælitækis, í samstarfi við Háskólann á Akureyri, sem mæla á velferð fjölskyldunnar en verkefnið á talsvert í land enda flókið.

F. h. r.

Dunja Sigfúsdóttir

/

Alþingi
Erindi nr. P 130/907
komudagur 30.1.2004

Frá Prestafélagi Íslands

Umsögn tillögu til þingsályktunar um stöðu hjóna og sambúðarfólks (þjsk 47 – 47. mál)

Stjórn Prestafélags Íslands styður eindregið framkomna þingsályktunartillögu. Prestar hafa lengi rætt um þessi mál bæði sín á milli sem og opinberlega, enda kynnast þeir þessum málaflokki mjög í sínu starfi.

Erindi nr. P 130/726
komudagur 12.1.2004

Alþingi, félagsmálanefnd
Stefán Árni Auðólfsson
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING

TILVISUN

Reykjavík, 9. janúar 2004 2003110320

Umsögn um þingsályktunartillögu. - Staða hjóna og sambúðarfólks - 47. mál

Með bréfi yðar dagsettu 18.nóvember sl. óskið þér eftir að ríkisskattstjóri gefi umsögn sína um tillögu til þingsályktunar 47.mál yfirstandandi þings og fram er sett á þingskjali 47.

Hér er um að ræða tillögu þess efnis að skipuð verði nefnd sem kanni stöðu hjóna og sambúðarfólks með börn á framfæri með tilliti til skatta og fleiri þátta og staða þessa fólks borin saman við stöðu einstæðra foreldra.

Eru atvik málsins rakin í tillögunni og greinargerð með henni.

Að fram farinni athugun telur embættið ekki ástæðu til að tjá sig um málið á þessu stigi.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra


Steinþór Haraldsson



SÝSLUMAÐURINN Í REYKJAVÍK

Alþingi

Erindi nr. Þ 130/637

komudagur 17.12.2003

Dagsetning

Tilvisun


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

12. desember 2003

Varðar: Beiðni, dags. 18. nóvember 2003, um umsögn sýslumannsins í Reykjavík um tillögu til þingsályktunar um stöðu hjóna og sambúðarfólks, 47. mál.

Sýslumaður sér ekki ástæðu til að fjalla um þessa þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst,


Rúnar Guðjónsson sýslumaður

Alþingi
Erindi nr. P 130/622
komudagur 15.12.2003


Nefndasvið Alþingis,
Austurstæti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 12. desember 2003.

Með bréfi, dags. 18. nóvember sl., sendi félagsmálanefnd Alþingis Sýslumannafélagi Íslands til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stöðu hjóna og sambúðarfólks, 47. mál.

Stjórn SÍ hefur fjallað um erindið, en telur ekki ástæðu til þess að veita umsögn um tillöguna.

Virðingarfyllst,


Ingimundur Einarsson,
rkr.

Alþingi
Erindi nr. P 130/036
komudagur 17.12.2003



TRYGGINGASTOFNUN
RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. desember 2003

EA/KSG/080/03

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stöðu hjóna og sambúðarfólks, 47. mál.

Vísað er til beiðni félagsmálanefndar Alþingis, dags. 18. nóvember 2003, um að Tryggingastofnun ríkisins veiti umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu. Tillagan gerir ráð fyrir að ríkisstjórninni verði falið að skipa nefnd sem skuli bera stöðu hjóna og sambúðarfólks með börn á framfæri saman við stöðu einstæðra foreldra, einkum með hliðsjón af fjárhagsaðstoð ríkis og sveitarfélaga, og kanna hvort þöggð séu að málamyndaskilnuðum af fjárhagsástæðum.


Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi greiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993, lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 og hefur einnig milligöngu um greiðslur til framfærslu barna samkvæmt IX. kafla barnalaga nr. 76/2003. Sumar af greiðslutegundum laga þessara eru einvörðungu ætlaðar þeim sem reka heimili einir, ýmist einhleypingum eða einstæðum foreldrum. Aðrar greiðslutegundir eru háðar tekjum maka greiðsluþega. Áhrif hjúskaparstöðu á þær greiðslur sem réttur stendur til frá stofnuninni geta því verið umtalsverð.

Þrátt fyrir að heimildir Tryggingastofnunar til eftirlits með því hvort bætur séu greiddar á röngum forsendum séu mjög takmarkaðar og úrræði þar að lútandi fátækleg verður starfsfólk stofnunarinnar reglulega vart við greiðsluþega sem ekki greina rétt frá hjúskaparstöðu sinni eða láta hjá líða að tilkynna opinberum aðilum, t.d. þjóðskrá, um breytingar á henni. Fyrir kemur að verulegar fjárhæðir eru ofgreiddar af þessum sökum.

Tryggingastofnun ríkisins telur nauðsynlegt að stjórnvöld séu ávallt vakandi fyrir því hvort fjárhagsaðstoð ríkis og sveitarfélaga sé veitt þeim hópum sem mest þurfa á henni að halda á hverjum tíma, enda er slíkt tilgangur fjárhagsaðstoðarinnar. Freistist fólk til að leyna upplýsingum um hjúskaparstöðu sína eða slíta sambúð af fjárhagsástæðum hlýtur að vera þarft að skoða hvort núverandi kerfi þjóni þessum tilgangi. Jafnframt verður að líta til þess að kerfi sem er opið fyrir svikum rýrir möguleika á að veita næga aðstoð þeim sem raunverulega þarfnast hennar, auk þess sem telja verður það afar óheppilegt að búa við kerfi sem hvetur fólk til þess að brjóta lög, eins og lýst er í greinargerð með þingsályktunartillögunni.

Með vísun til ofangreinds telur Tryggingastofnun ríkisins fulla ástæðu til að aðstæður einhleypinga og hjóna/sambúðarfólks verði kannaðar og bornar saman.

Virðingarfyllst,


Karl Steinar Guðnason
forstjóri



Alþingi
Erindi nr. P 130/012
komudagur 12.12.2003

UMBOÐSMAÐUR BARNNA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 11. desember 2003
Tilvísun: UB 0312/4.1.1

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stöðu hjóna og sambúðarfólks, 47. mál

Vísað er til bréfs félagsmálanefndar Alþingis, dagsett 18. nóvember 2003, þar sem óskað er eftir umsögn minni um ofangreinda tillögu.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að skipa nefnd, er hafi það hlutverk að kanna stöðu hjóna og sambúðarfólks með börn á framfæri með tilliti til skatta, almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar og bera hana saman við stöðu einstæðra foreldra.

Að mínu mati er úttekt á stöðu hjóna og sambúðarfólks með börn á framfæri, samanborin við stöðu einstæðra foreldra, löngu tímabær og fagna því að þingsályktunartillaga þessa efnis skuli nú vera lögð fram. Ég styð því framkomna tillögu og vonast til að hún hljóti samþykki á hinu háa Alþingi.

Virðingarfyllst,

Þórhildur Línadal



Öryrkjabandalag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík
Sími: 530 6700, Myndsími: 530 6701
Netfang: obi@obi.is, Vefsíða: www.obi.is

Alþingi

Erindi nr. P 130/416

komudagur 2.12.2003

Reykjavík, 1. desember 2003.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga um stöðu hjóna og sambúðarfólks, 47. mál, lagt fram á 130. löggjafarþingi.

Öryrkjabandalag Íslands vekur athygli á að rök flutningsmanna frumvarpsins eiga einnig við um fjölda öryrkja. Ýmsar tekjutengingar og skerðingar bóta valda því að fjölmargir lífeyrisþegar telja sig ekki hafa efni á að hefja sambúð eða stofna til hjónabands enda eru færri öryrkjar í hjónabandi en gengur og gerist. Jafnframt því sem hið háa alþingi Íslendinga hefur með takmörkuðum ráðstöfunum reynt að tryggja hag einstæðra foreldra og einstæðra öryrkja hafa alþingismenn séð til þess að þeim lífeyrisþegum, sem kjósa að hefja sambúð eða stofna til hjónabands, sé haldið innan marka fátæktar. Það er því eðlilegt og skylt að Alþingi láti kanna ástæður þess að jafnfáir öryrkjar hefji sambúð eða stofni til hjónabands og raun ber vitni.

Að lokum skal minnt á að meirihluti þingmanna samþykkti lög hinn 24. janúar 2001 sem brutu í bága við dóm Hæstaréttar frá 19. desember 2000 þar sem fjallað var um tengingu bóta við tekjur maka. Þótt breytingar á lögum um almannatryggingar sem fylgdu í kjölfarið hafi að vísu verið nokkur réttarbót hefur Alþingi þó séð svo um að ennþá hangi refsivöndur tekjuskerðingar og fátæktar yfir þeim öryrkjum sem vilja hefja búskap eða stofna til hjónabands. Rök flutningsmanna frumvarpsins um hagræði af sambúð tveggja einstaklinga eiga vissulega við. En vegna lágra upphæða sem Alþingi hefur gert fjölmörgum öryrkjum að draga fram lífið af, eiga þau vart við hér.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Öryrkjabandalags Íslands

Arnpór Helgason

Arnpór Helgason, framkvæmdastjóri